

Mbl. 17. júl. 1935

## L. R. Wager.

Leiðtogi leiðangurs þess með „Quest“, sem sagt hefir verið frá í blöðum og útvarpi, er ungur jarðfræðingur, sem þegar hefir sýnt, að ástæða er til að vænta mjög mikils af honum. Þarf í því efni ekki annað, en nefna ritgerð hans um hið mikla basaltsvæði vestur af Íslandi (og norðar), frá Angmagsalik til Kap Dalton, sem birt hefir verið í 105. bindi af „Meddelelser om Grønland“. Þótti mjer þar m. a. fróðlegt að sjá, að höf. telur, að þykt basaltmyndanarinnar þarna muni varla vera minni en 15—20000 fet. Þá lýsir Mr. Wager vel hinum mikla mun sem er á eldri og yngri basaltmyndunum þessa svæðis. Þess-

konar munur er einnig mikill hjer á Íslandi, eins og t. d. mjög vel má sjá í hömrum Esjunnar, og hjer hefir tekist að sýna, að nokkur hluti basaltsins er yngri en hin miklu og merkilegu pliocenu (og yngri) skeljalög á Tjörnesi; en fyrir þessu hafði engan óráð, og verður varla sagt að þeim at-hugunum hafi ennþá verið gefinn sá gaumur sem skyldi. Verður býsna fróðlegt — mjer liggur við að segja „spennandi“ — að fá að vita, hvort hinar yngri póst-pliocenu basaltmyndanir eru einnig til í Grænlandi. Er af þessum og mörgum öðrum rökum, mikil ástæða til að óska þess, að þeim „Quest“-mönnum megi ferðalagið ganga sem farsællegast.

2. júlí 1935.

Helgi Pjeturss.